

Nd.

314. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 2. gr. laganna komi ný málgr., svo hljóðandi:

Heilbrigðisnefndum í bæjum og lögreglustjórum í kaptúnum og sjávarþorpum skal skylt að hafa eftirlit með hreinlæti í mannaibúðum og matvælageymslum skipanna. Eftirlitið skal framkvæmt ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði, þegar skip liggur í innlendri höfn. Í reglugerð séu ákvæði um, hvaða hreinlætisreglum skuli fylgt, þegar skip er á sjó.

2. gr.

3., 4. og 5. málgr. 31. gr. laganna orðist svo:

Íslensk skip, sem undanskilin eru frá því að hafa alþjóðahleðslumerkjaskírteini, skulu þó hafa ákvæðið minnsta hleðsluborð og hleðslumerkjaskírteini, og nær þetta ákvæði til allra skipa, sem eru farþegaskip, og skipa, sem eru í vöruflutningum innan lands, hafna á milli, eða flytja farm milli Íslands og annarra landa.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrirmæli um mælingar og skoðanir, sem gerðar skulu á skipi til ákvörðunar alþjóðahleðslumerkja, samkvæmt áður greindri alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930, og reglur til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkjaskírteinis þessara skipa. Enn fremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda sildveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þilfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm húið, svo sem minnst hætta stafi af.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.